

**38. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Strandgötu 38, miðvikudaginn 4.  
janúar 2023  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Ásgeir Jónsson (ÁJ), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Fjölur Freysson (FF) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, hafnarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkominn og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund nr. 38 lögmætan.

Jón Ingi Jónsson boðaði forföll og sat Fjölur Freysson fundinn í hans stað.

**Dagskrá:**

**1. Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar - 2110201**

Farið var yfir stöðu mála vegna starfsmannamála á Tálknafjarðarhöfn.

*Karl Ágúst Gunnarsson, hafnarvörður, varð bráðkvaddur nú um áramótin. Atvinnu- og hafnarnefnd minnst góðs manns og vottar aðstandendum sína dýpstu samúð.*

*Atvinnu- og hafnarnefnd samþykkir samhljóða að fela hafnarstjóra að tryggja nægilega mönnun á Tálknafjarðarhöfn þannig að hún sé starfhæf á meðan unnið er að skipulagi starfsmannamála til framtíðar.*

**2. Kvóti úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2022 - 2023 - 2212672**

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 12.12.2022 þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2022/2023 samkvæmt reglugerð nr. 1018/2022. Sveitarfélögum er gefinn frestur til 13.01.2023 til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur, sem síðan verða birtar verða á heimasíðu ráðuneytisins áður en þær vera teknar til efnislegrar meðferðar. Komi ekki fram óskir um sérreglur mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að byggðakvóti viðkomandi byggðalags verði auglýstur til umsóknar eins fljótt og auðið er. Jafnframt kemur fram í erindi ráðuneytisins að 5,8% af heildarúthlutun byggðakvóta komi til Tálknafjarðar í þetta skiptið eða 285 þorksígildistonn.

Mál áður á dagskrá 604. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 20.12.2022

*Lagt fram.*

**3. Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023 - 2301004**

*Rætt var um ýmis atriði varðandi rekstur Tálknafjarðarhafnar.*

**4. Fundargerðir 2022 Hafnasamband - 2202145**

Fundargerðir stjórnarfundar Hafnasambands Íslands nr. 446 sem fór fram 26.10.2022 og nr. 447 sem fór fram 18.11.2022.

38. fundur  
11.01.2023

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.**

---

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Fjölur Freysson (FF)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)